

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
Skilað í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík 4. október 2021

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna máls nr. 173/2021 *Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa*

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við skýrslu starfshóps um endurmat kvennastarfa *Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa* sem birt er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Félagið fagnar skýrslu starfshópsins sem hefur skilað afar vel unnu verki eins og skýrslan ber með sér. Skýrslan gefur gott yfirlit yfir launamun kynjanna og jafnrétti á vinnumarkaði út frá sögu og þróun. Fjallað er um mat á virði starfa þar sem komið er inn á virðismat, starfsmat sveitarfélaga, jafnlaunavottun, virðismatskerfi og kvennastörf ásamt virðismatskerfi og launagagnsæi. Þá er fjallað um alþjóðlega þróun, bæði innan Norðurlanda, Evrópusambandsins, Kanada og Nýja-Sjálands og að lokum settar fram niðurstöður og tillögur.

Félagsráðgjafar eru fagstétt þar sem konur eru í miklum meirihluta en samkvæmt félagatali Félagsráðgjafafélags Íslands voru í árslok 2020 alls 547 félagar þar af 512 konur (93,6%) og 35 karlar (6,4). Nám félagsráðgjafa er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti. Vert er að geta þess að mikil eftirspurn er eftir félagsráðgjöfum og víða tekst ekki að manna stöður innan stofnana og starfsmanavelta er mikil.

Félagsráðgjafafélag Íslands var stofnað árið 1964 af fjórum konum eða þremur árum eftir að Alþingi samþykkti lög um launajöfnuð kvenna og karla. Samkvæmt lögnum átti fullum launajöfnuði að vera náð árið 1967 en nú hálfri öld eftir setningu laganna hefur launajafnrétti enn ekki náðst. Félagið fagnar því þeim tillögum sem koma fram í skýrslu starfshópsins en þær geta haft veruleg áhrif á hagsmuni félagsmanna. Eins og fram kemur í skýrslu starfshópsins þá hafa rannsóknir sýnt fram á að kynskiptur vinnumarkaður er meginorsök kynbundins launamunar. Ísland fullgilti árið 1958 samþykkt Alþjóðavinnuumálfundunarinnar (ILO) sem kveður m.a. á um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Lög um jafnlaunaráð voru sett árið 1973 þar sem áréttað var að konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf. Í núgildandi jafnréttislögum er ákvæði um að *Konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf*. Skilaboðin eru skýr það á ekki bara að horfa á sömu störf heldur einnig jafnverðmæt og þá á ekki að skipta máli hvort verið er að bera saman störf innan stofnunar/fyrirtækis eða milli stofnana/fyrirtækja.

Á undanförunum árum hefur dregið úr launamun meðal annars fyrir tilstuðlan aðgerða á borð við innleiðingu á starfsmati hjá sveitarfélögum og kröfum um jafnlaunavottun. Starfsmat sveitarfélaga hefur haft jákvæð áhrif á launaþróun félagsráðgjafa sem starfa hjá sveitarfélögum en jafnlaunavottun hefur ekki skilað sama árangri og eru dæmi um stofnanir ríkisins sem horfa einungis á jafnlaunavottun út frá einstökum störfum innan stofnunar en ekki milli starfa. Eins og skýrsluhöfundar benda á þá eru þessi tæki ekki fullnægjandi til þess að leiðrétta launamun sem stafar af kynbundinni skiptingu vinnumarkaðar sem skýrir að miklu leyti þann launamun sem enn er til staðar. Því er forsenda þess að unnt verði að leiðrétta þennan mun að hægt verði að meta heildstætt virði ólíkra starfa. Félagssráðgjafafélag Íslands tekur undir tillögur starfshópsins að aðgerðum sem miða að því að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði með það að markmiði að leiðrétta kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Tillögur starfshópsins snúa að því að stofnaður verði aðgerðahópur stjórnvalda um launajafnrétti með aðild aðila vinnumarkaðarins sem hafi m.a. eftirfarandi hlutverk:

- Greina vandann. Koma á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa til að greina hvaða þættir það eru sem einkenna kvennastörf og kunna að vera vanmetnir.
- Þróa verkfæri. Samhliða greiningu verði þróuð verkfæri sem fangi jafnvirðisnálgun laganna og styðji við þau verkfæri sem þegar eru til staðar. Er þeim ætlað að aðstoða atvinnurekendur við að uppfylla lagaskilyrði um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.
- Þróa samningaleið um jafnlaunakröfur með aðilum vinnumarkaðarins. Þar verði m.a. horft til þess hvaða áhrif breytingar á ráðningasamböndum og útvistun starfa hafa á launamun kynjanna.
- Auka þekkingu og vitund um jafnvirðisnálgun jafnréttis laga m.a. með fræðslu, ráðgjöf og auknu samtali.

Þessar aðgerðir eru leið að því markmiði að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði og leiðrétta hið kerfisbundna vanmat sem hefur viðgengist á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Slíkt misrétti stuðlar ekki að sjálfbærni og er til þess fallið að auka streitu og kulnun meðal kvenna sem auk vanmats á störfum bera aukna umönnunarábyrgð.

Félagssráðgjafafélag Íslands hvetur nýtt Alþingi að setja þetta mál í forgang og tryggja að tillögur starfshópsins komist í framkvæmd. Félagið er tilbúið til samráðs og þátttöku í vinnu aðgerðahóps stjórnvalda um launajafnrétti í ljósi sérstöðu félags fagstéttar þar sem konur eru í meirihluta. Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagssráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður